

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustaði fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari, fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

8. gr.

Þeir farandsalar, sem vilja selja varning sinn í félagsheimili hreppsins eða annars staðar innan sveitarfélagsins, skulu fá til þess sérstakt leyfi hreppsnefndar í hvert sinn, og greiða gjald fyrir sem hreppsnefnd ákveður.

Heimilt er hreppsnefnd að neita alveg um leyfið.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 200.00—500.00 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Hvolhrepps, samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um sama efni, dags. 24. maí 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 164 2. október 1962.

1. gr.

Í stað orðanna „kr. 4.77“ í 3. gr. komi: kr. 5.34.

2. gr.

9. gr. falli burt, og breytist greinatala skv. því.

3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað.

Bráðabirgðaákvæði um framkvæmd gjaldskrárbreytingarinnar.

Verðhækkun sú, sem fólgin er í hinni nýju gjaldskrá hitaveitunnar, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 4% álagi.

2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með 8% álagi.
3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal reiknuð á einingarverði hinnar nýju gjaldskrár, og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur fer fram mánaðarlega, skal notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, reiknuð á einingarverði hinnar nýju gjaldskrár og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um að Grunnavíkurhreppur skuli sameinaður Snæfjallahreppi.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Snæfjallahrepps og meðmælum sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, um að Grunnavíkurhreppur verði sameinaður Snæfjallahreppi, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Grunnavíkurhreppur skal sameina Snæfjallahreppi í eitt hreppsfélag, er nefnist Snæfjallahreppur.
2. Snæfjallahreppur hinn nýi skal taka yfir allt land Grunnavíkurhrepps og Snæfjallahrepps hinna fornu, og skulu mörk Snæfjallahrepps hins nýja vera hin sömu og mörk þeirra hreppa voru fyrir sameininguna gagnvart Nauteyrarhreppi, Sléttuhreppi og Árneshreppi.
3. Hreppssjóði Grunnavíkurhrepps, sem nú er í vörzlum sýslumanns Ísafjarðarsýslu að fjárhæð kr. 41815.33, skal varið til að standa straum af framfærslu styrkþega Grunnavíkurhrepps, sem voru þegar hreppurinn lagðist niður, þar til hann þrýtur, en að honum þrotnum tekur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að sér að greiða þann hluta framfærslu nefndra styrkþega, sem Grunnavíkurhreppi hefði ella borið að greiða.

Að öðru leyti annast Snæfjallahreppur hinn nýi þá framfærslu, sem á hann kann að falla lögum samkvæmt.

4. Eftir sameiningu umræddra hreppa hvíla allar þær aðrar skyldur, sem lögum samkvæmt hvíldu á báðum hreppunum, á Snæfjallahreppi hinum nýja, enda nýtur hann allra þeirra réttinda, sem þeim hreppum bar að lögum fyrir sameininguna.
5. Bækur og skjöl Grunnavíkurhrepps hins forna skulu varðveitt í héraðsskjalasafni Norður-Ísafjarðarsýslu, en hreppsnefnd Snæfjallahrepps skal eiga aðgang að þeim, þegar hún þarfnast.
6. Sameining Grunnavíkurhrepps og Snæfjallahrepps, hinna fornu, skal miða við 1. janúar 1964.